

ÍDRÓTTAFRÉTTIR MORGUNBLAÐSINS

REIÐARSLAG Í IDRÆTSPARKEN

Íslenska landsliðið var leikið sundur og saman af hrattleikandi dönsku landsliði, sem gersigraði með fjórtán mörkum gegn tveim

LENGI getur vont versnað, gátum við Íslendingarnir sagt, er við yfirgáfum Ídrætsparken í gærkvöldi. Minúturnar virtust svo lengi að liða, að það minnti á dæmisöguna um fuglinn, fjallið og eilífðina. Maður sókk lengra og lengra niður í sætið og var fegnastur þeirri stund er sænski dómarrinn flautaði til leiksloka. En þá hafði knötturinn lent 14 sinnum í íslenska markinu, en tveigis í hinu danska. — „Áminning“, „reiðarslag“, eða „stórslys“, eru allt orð, sem mætti nota um þennan leik. Því miður gleymist hann seint. En Danir fengu loksins eitthvað til þess að gleðjast verulega yfir og þar sem þetta var 300. landsleikur þeirra, kom hinn mikli sigur sem óvænt afmælisgjöf. Aðeins tvisvar áður hafa Danir fagnað stærri sigri í landsleik, er þeir á gullaldarár- um sínum í knattspyrnu unnu Frakka 16:0. Tilviljun er það og, að stærsti ósigur Íslendinga til þessa var á móti Frökkum árið 1958, 8:0. Í öðrum landsleik skoruðu Danir að visu 17 mörk, en fengu þá eitt mark á sig sjálfir.

Óheppnina bar fljótt að dyr- um hjá íslenska liðinu. Er liðs- menn hituðu sig upp á hliðar- svæði rétt fyrir leikinn, fékk Elmar Geirsson knöttinn í höf- uðið og fékk snert af heilahrist- ingi. Sjón hans dapraðist um stund og Kári Arnason varð að taka stöðu hans sem vinstri út- herji. Rétt fyrir lok fyrri hálf- leiks meiddist Jóhannes Atla- son, bakvörður, og ákveðið var að Sigurður Albertsson kæmi í liðið í síðari hálfleik í hans stað.

Leikurinn byrjaði ekki illa fyrir íslenska liðið. Liðið virt- ist hafa sjálfskraust og fyrsta markskotið í leiknum var ísl- enskt. Það var Kári, sem átti það af 18—20 metra færi, en það var auðveldlega varið.

En Adam var ekki lengi í Paradís, þetta reyndist aðeins

eitt þriggja markskota, sem Ís- lendingar áttu í fyrri hálfleik og eitt fimm markskota, sem þeir áttu í öllum leiknum. Segja má því, að markskotin hafi gef- ið góða uppskeru, tvö mörk í fimm markskotum.

Þrátt fyrir fjórtán mörk var hlutfallstala Dana í markskotum miklu lakari. Guðmundur Pét- ursson varði stundum mjög glæsilega og verður ekki saka- ur um hinn mikla ósigur. Sum markanna voru að visu ódýr mjög, en stundum varði hann mjög fallega hin glæsilegustu skot.

Fjögur mörk á fyrstu 15 mín- útum leiksins brutu íslenska lið- ið niður. Þetta var eins og köld vatnsgusa í veðurblíðunni. Og lát- um nú minnisbókina segja frá mörkunum, sem komu svo tít,

og útherjinn John Steen Olsen skorar. Þetta mark hefði Guð- mundur átt að ráða við.

6. mín. Finn Laudrup, hægri innherji, skorar fallett mark af 25 metra færi eftir hraðan sam- leik og fallegan aðdraganda.

10. mín. Ulrik le Fevre, vinstri útherji, brýzt í gegnum vörnina og á fallett skot sem lendir í stöng og hrekkur út. Órskönnu- siðar leikur Dyreborg, miðherji

Á 15. mín eiga Danir hön- spyrnu frá vinstri á Íslendinga. Upphest pressa á íslenska mark- ið og Tom Söndergaard fær knöttinn óvaldaður og skorar auðveldlega af stuttu færi.

Á 21. mín. eiga Íslendingar a- gasta sóknarlötu. Helgi Númason fær knöttinn fyrir markið, skall ar, en aðeins utan við stöng. Allt gekk þannig á móti íslenska liðinu. Þetta var mjög gott tæki-



Erik Dyreborg skorar 11. mark Dana. Íslendingarnir horfa á.

(Nordfoto)

að varla gæft tími til þess að skrifa niður.

4. mín. Danir sækja hægri megin, gefið er fyrir, en mið- herjinn missir af ágætu tæki- færi. En frá hægri kemur knött- urinn aftur fyrir íslenska markið

á Anton, en Guðmundi tekst að bjarga naumlega.

Á 13. mín. er dæmd vítaspyrna á Íslendinga eftir brot Antons. Strangur dómur, en Kresten Bjerre, framvörður, skorar ör- ugglega.

færi, sem Íslendingar áttu barna.

Tveimur mínútum síðar leika Danir upp miðjuna. Laudrup innherji leikur Anton illa og Framhald á bls. 11.

Sagt eftir leikinn:

„ALVARLEG ÁMINNING“

sagði Reynir Karlsson

Það ríkti dýpur stemning með- al Íslendinganna í búsíngskleif- anum eftir leikinn í Ídrætspark- en í gærkvöldi. Að visu töku allir hinum mikla ósigri með

veglegum íþrótaanda og það gladdi Danina mjög.

Guðmundur Pétursson, mark- vörður sagði: Ég hef aldrei í nokkrum leik þurft að sjá eftir svo mörgum skotum í markið. Hesta markatala í landsleik, sem ég hef séð í landsleik er 5 mörk, en þá (móti Spánverj- um) þurfti ég ekki að sækja knöttinn í netið, þar sem ég varð að yfirgefa völlinn eftir stutta stund. Líjósín í leiknum nú reynd- ust mér ekki erfið. Ég gerði það sem ég gat, en skot Dananna voru frábær.

Anton Bjarnason varð næstur á vegi mínum: Það er ekkert hægt að segja um þetta, þetta var eins og martröð.

Reynir Karlsson, þjálfari, sagði: Þessi úrslit eru alvarleg áminning til okkar um að í þjálf- un framfarlandsliðsins verðum við að leggja megináherzu á hraðann. Allir leikmennirnir áttu ágæta kafla, en hraðann skorti mjög.

Fyrirlíði danska landsliðsins, John Warbye, var kledður og drakk sínu Carlsberg-bjór er ég kom til hans. Hann sagði: — Það má segja að við höfum verið heppnir og sigurinn hafi verið tveimur til þremur mörkum of stór. Það skiptir ekki meginmáli, en mér finnst skemmtilegast, hversu íþróttamannslega ís- lensku leikmennirnir komu

fram. Þeir léku knattspyrnu all- an timann á sama hátt og lið ger- ir, sem er að berjast við að ná sigri. Ég get vel ímyndað mér, að skilyrðin — ljúsín og slíkt — hafi haft sín áhrif á leik Íslend- inganna. Mér fannst ýmsir þeirra leika mjög laglega á köfl- um. Ég dáist að þeim í sjálfa sér, því að ég hefði ekki viljað vera í þeirra sporum og ég ef- ast um, að danskir leikmenn hefðu tekið slíkum ósigri með sama hug. En danskt málteki segir: „Tab og vind með samme sind“. Það gerðu Íslendingarnir.

Axel Einarsson, fararstjóri, sagði: Ég hef aldrei séð eitt lands- lið vera svo heppið með mark- skot eins og það danska var nú. Glæsileg mörk, sem enginn get- ur komið í veg fyrir. Og svona heppnir hafa Danir ekki verið í neinum sinna landsleikja.

Knud Lundberg — sú gamla hetja — var meðal áhorfenda: Það heppnaðist allt hjá Dönum. Svo mörg langskot, sem ekkert var hægt að ráða við sem ég aldrei séð í landsleik. Mismun- urinn á liðunum var fyrst og fremst hvað hraða snertli. Mér fannst framherjarnir íslensku eiga á köflum ágætan leik og mundi segja, að þeir hafi hver um sig verið betri en danski mið- herjinn, Erik Dyreborg.

Danir brostu og voru glaðir. Þeir höfðu líka tilefni til þess. Okkur leið öllum vel, Íslend- ingunum.

A. St.



John Steen Olsen, t. v., skorar fyrsta mark Dana.

(Nordfoto)

Vatnsveitan í Höfn endurnýjuð

Miklar byggingaframkvæmdir standa yfir og eru áformaðar á næstunni

HÖFN, Hornafirði, 23. ágúst. — Í smíðum eru nú 18 íbúðarhúsi hér í kaupþúningu, misjafnlega langt á veg komin, en 5 þeirra verða tilbúin í haust.

Þá er og ráðgert að hefja byggingu lögreglu- og slökkvisséðvar ásamt skrifstofuhúsnæði fyrir hreppinn og aðstöðu fyrir héraðsbókasafn. Övist er hvort framkvæmdir hefjast í haust. — Þá hefur verið lögð ný viðbótar vatnslögn, sem er í 6 tommu víðum plastpípum frá Reykjalundi. Lengd vatnslagnarinnar er 6½ km. Fyrir vatnslögnin var í 5 tommu víðum asbestpípum. Var hún lögð árin 1956 til 1957, en er nú, vegna vaxandi fólks-

tjöldu, orðin alltof lítil. Tengingu á nýju lögninni verður væntanlega lokið eftir hálfan mánuð. Áætlaður kostnaður við hana er 2.600.000. — Gunnar.

— LANDSLEIKUR

Framhald af bls. 22.

Skapar sér gott færi og á fallegi skoti í stöng, og í netið. Á 30. mínútu leikur Hermann falllega í gegnum dönsku vörnina, en skoti hans er lélegt og fer framhjá markinu.

Fimm mín. fyrir hlé skorar John Steen Olsen sjötta mark Dana af stuttu færi úr þvögu fyrir miðju marki.

Á síðustu mínútu hálfleiksins bjargar Anton á línu með skalla, eftir að Ulrik le Fevre hafði leik íð fram hjá Guðmundi markverði og knötturinn stefndi í markið.

Síðari hálfleikur Síðari hálfleikur varð miklu skemmtilegri og jafnari fram- an af. Danir voru þó miklu meira í sökn og stanzlaus hætta var við íslenska markið. Íslendingar skoruðu tvö mörk á stuttu tímabili í þessum hálfleik.

Á 11. mín. sækja Íslendingar upp vinstri kant. Dönnum tekst vörnir illa og Helgi Númannson fær knöttinn frá dönskum varnarmanni og sendir hann í netið af 12—14 metra færi.

Mínútu síðar nóttrar þversla íslenska marksins undan einu af gællægustu skotum Dana í leiknum. Knötturinn hrekkur út og í þvögunni sem myndast getur le Fevre náð knöttinum og skorað með föstu skoti af stuttu færi.

Á 15. mín. hálfleiksins kemur 8. markið. Antoni verður á mikil skygga í vörninni og Dyreborg viðvörðuleg kemst óvaldað- ur í gott markfæri og skorar. Það er tilgangslaus að lýsa markaregninu frekar. Á 16. mín. kemur 9. markið, sem Dyreborg skorar af 20 metra færi. Mínútu síðar er síðara mark Íslendinga skorað. Hermann leikur mjög fallga upp miðjan völlinn fram hjá tveimur eða þremur varnarleikmönnum Dana og skorar fall egi mark af 18 metra færi.

Á 20. mín. kemur 10. mark Dana eftir sökn upp hegni kant.

Á 24. mín. kemur 11. markið, á 27. mín kemur 12. markið, á 32. mín kemur 13. markið úr víti og á 40. mín kemur 14. mark íð.

Á síðustu mínútu leiksins eru Íslendingar í sökn og Hermann á laglegt skoti af vítateigi, sem er naumlega varið í horn, en hornspyrnan var ekki meira en svo framkvæmd, því að þá var leiktímanum lokið.

Mörk Dananna skoruðu: Finn Laudrup 3, Kresten Bjerre 3, þar

af tvö úr víti, Ulrik le Fevre 3, John Steen Olsen 2, Erik Dyreborg 2 og Tom Søndergaard 1.

Í upphafi leiksins voru almikil hátiðshöfð í tilefni af þessum 300. landsleik Dana. Blöðurnar voru sendar upp með mikilli viðhöfn og þótti vel til takast. Var það mjög ánægjulegt atriði á að horfa.

Íslenska liðið

Af íslenska liðinu er það að segja, að það átti ágætastan leik á köflum. Hver einstakur leikmaður átti eins góðan leik og við höfum séð þá leika heima, en meginmunurinn var sá, að hraðinn var svo mikill, að Íslendingar fengu ekki við neitt ráðið. Jafnvel þótt einn Dani sækti móti tveimur Íslendingum, hafði Daninn alltaf betur vegna hraðans. Þar liggur orsökinn. Tengiliðir íslenska liðsins og miðju- spilið brást einnig alveg og má segja að næstum lálaus sökn hafi verið að íslenska markinu. Varnarmennirnir, sem við höfum vonast til að væri sterkasti hluti liðsins, brugðust, einkum vegna þess að þeim tókst ekki að verjast hinum hraða leik fram þeirjanna.

— A. St.

Keene efstur á heimsmeistar- móti unglinga

Jerúsalem, 22. ágúst — AP — RAYMOND Keene frá Englandi er nú efstur í úrslitakeppninni í heimsmeistararnóti unglinga í skák, sem fram fer í Jerúsalem. Hefur hann þrjá vinninga eftir fjórar umferðir en í úrslitakeppni mótsins tala þátt 9 keppendur og eru fimm umferðir eftir.


Keene vann á þriðjudag Lawrence Day frá Kanada og komst þannig í efsta sæti, fram úr Julio Kaplan frá Puerto Rico.

Í B-ríði, þar sem 10 keppendur eiga við, eru Andre Lombard frá Sviss og Michael Wood jama frá Astrálu efstir og jafnir, eftir að hinn fyrrnefndi hafði sigrað Walter Pils frá Austur- ríki.

5.9 millj. jafnað niður á Hornafirði

HÖFN, Hornafirði, 23. ágúst. — Nýlega hefur verið lögð fram skrá yfir útsvör og aðstöðugjöld hér í Hafnarreppi. Alls var jafnað niður á 233 einstaklinga, útsvörum að upphæð kr. 4.421.700.00 og aðstöðugjöldum að upphæð kr. 153.600.00. Fimmtán félög hlutu í útsvör kr. 352.980.00 og í aðstöðugjöld kr. 1.000.500.00. Voru útsvör samtals 4.774.700.00 og aðstöðugjöld 1.154.100.00.

Hæstu útsvör einstaklinga bera Kjartan Arnason héraðs-



Bífreiddin, sem myndin er af, valt nýlega skammt frá Hauksstöðum á Jökuldal. Þetta er útleigubíll frá bílaleigu Þorbjörns Arnóssonar á Seyðisfirði. Þrír menn voru í bílinum og meðhöfust þeir nokkuð og voru fluttir í sjúkrahúsið á Elgilsstöðum, þar sem gert var að sárum þeirra. Grunur leikur á, að þeir hafi allir verið undir áhrifum áfengis er slýst víldi til. Bífreiddin er gjörnýt. (Ljós. Mbl. M.A.)

Minnzt 100 ára afmælis Grímseyjarkirkju

Í FRÉTTABRÉFI, sem Mbl. hefur borizt frá Grímsey og dagsett er 21. ágúst, segir á þessa leið:

— Í gær, sunnudaginn 20. ágúst, var 100 ára afmælis Miðgarðakirkju í Grímsey minnzt með guðspjónustu, sem hófst kl. 1. Kirkjusökn var það góð að stóla þurfti að setja upp í for- kirkju til þess að allir gætu fengið sæti, enda fjöldi af aðkomufólki. Blómaskreyting var í boga yfir kórdrum, sem mynd aði orðin: Miðgarðakirkja 100 ára.

Aðalræðna flutti prófastur-

inn, séra Benjamín Kristjánsson, en séra Pétur Sigurgeirsson og Einar Einarsson djákni þjónuðu fyrir altari. Kirkjukórinn söng, en undirspil á orgeli annaðist Guðmundur Matthíasson og dóttir hans, Guðný lék á fiðlu.

Prófastur rakti sögu Grímseyjarkirkju í stórum dráttum það sem heimildir ná til og þó sérstaklega síðastliðin 100 ár. Á því tímabili hafa þjónað hér 5 prestar og djákni til aðstoðar síðastliðin 6 ár, sem nú lætur af störfum. Lengst þjónaði séra Matthías Eggertsson á þessu tímabili, í 42 ár.

Margar veglegar gjafir voru kirkjunni færðar bæði af peningum og munum. Má þar nefna skuggamyndasýningsvél ásamt sýningartjaldi, 2 fánastengur með áleturðum silfurkjöldum, önnur með íslenska fáninum, en hin með æskulýðsfána þjóðkirkjunnar. Þessir munir voru gefnir af Jónunni Magnúsdóttur í minningu manns hennar, Símonar Jónssonar, sem látnin er fyrir 4 árum og barna þeirra fjögurra, sem látnir eru. Dýrleif Sigurðsdóttir gaf 6 arma ljósa- krónu til minningar um mann sinn, sem látnin er fyrir nokkrum árum. Kristjana Þorkeildóttir og börn hennar gáfu kr. 5000 til minningar um man hennar sem látnin er fyrir 30 árum. Guðmundur Jónsson og frú gáfu kr. 5000, Eiríkur Björnsson kr. 3000, og fleiri peningagjafir voru kirkjunni færðar.

Að lokinni guðspjónustu var öllum boðið til kaffidrykkju í félagsheimilinu. Þar voru nokkrar ræður haldnar lesin upp fjöldi af heilgóðskaskeytum, sem birstu víðsvegar að, m.a. frá biskupi Íslands og vígslu- biskupi Hólastiftis. Einnig voru sendar ættjarfjörð.

Vegur var gott og fór minningarhúsið þessi hið bezta fram í alla staði. M. S.

Tel-aviv 23. ágúst AP-NTB.

TALSMANUR Ísraelsstjórnar skýrði frá því í dag, að Ísraelsk- ir og jórdanskir hermenn hefðu skipti á skotum nálægt Damiya- brúnni í 30 mínútur í morgun. Talsmaður sagði að jórdanskir hermenn hefðu skotið að Ísraelsk um herflokk, sem var í eftirlit- ferð, og hefðu Ísraelsmenn þá svarað skothríðinni. Ekkert manntjón varð. Þetta er í fyrsta skipti í tveir vikur, sem slíkt atvik á sér stað, en þá skiptust þessir aðilar á skotum 5 daga í röð.

JAMES BOND

James Bond
BY IAN FLEMING
DRAWING BY JOHN MCELROY



Bond lenti á flugvöllum í Touquet einni klukkustund á eftir Goldfinger. Hann átti ekki í neinum erfðileikum með að þefa upp, hvert guli vagninn hefði haldið...

— Vissulega herra. Maður komst ekki

IAN FLEMING



hjá því að taka eftir honum. Hann fór Abbeville-vegin.

Á þjóðvegi númer 1 ákvað Bond að velja leiðina til París. Það reyndist rangt...

— Hver fjárlinn. Sóninn er að deylla



út. Ég verð að komast á veginn til Rouen...


Seinna á Evreux-Chartres-Orleans-veginum fór sónninn aftur síðekkandi...

— Ég hef fundið hann aftur. Hann settir greinilega að gista í Orleans í nótt. Hvað tekur svo við á Morgan?

Frakkar heita Quebec-búum aukinni aðstoð

PARÍS 23/8 — Franska stjórnin ætlar að stórkrafa teknilega og efnahagslega aðstoð við Quebec-fylki í Kanada til þess að „hjálpa frönskum Kanadabúum um til að varðveita og þroska persónuleika sinn“ eins og komið er að orði í yfirlýsingu upp-lysingamálaráðgjafra Frakka um málið.

Vitað er að forsætisráðherra Quebec, Johnson, ræddi við de Gaulle í málmanáði m. a. um möguleika á því að koma á loft gerfheimti sem gerði Quebecbúum kleift að hofa á franski sjónvarp — átti þetta að vera eitt af mörgum atvörðum í menningarlegri samvinu Frakka gegna Alanzhás.



Viðbótin í sjónvarpinu:

Fræðsluefni, nýr framhalds-myndapáttur og löng kvikmynd

■ Um mánaðamótin hefst sex daga dagskráin í sjónvarpinu, verður þá bætt við tveim útsendingardögum, þriðjudögum og laugardögum, en fimmtudagurinn verður áfram sjónvarpslaus dagur. Ákveðin er nú dagskrá nýju sjónvarpsdaga í meginráttum og verður þriðjudagurinn helgaður fræðsluefni, en á laugardögum verða íþróttir, endurtekið efni og um kvöldið löng kvikmynd og nýr framhaldsmyndaflokkur.

verður dagskráin t.d. sem hér segir: Erlend málefni, erlend kvikmynd um heimkynni þokadýrsins, íslenskur fræðslupáttur í umsjá Guðmundar Sigvaldssonar jarðeignafræðings og fyrsti háttur í nýjum myndaflokkum um sögu fyrri heimastyrjaldranna. Síðar í haust hefst tungumálakennsla á þriðjudögum og ýmslegt annað fræðsluefni. Fréttasendingar verða ekki fyrst um sinn á þriðjudögum og laugardögum. En hefjast þegar lokið er þjálfun nýs starfslíðs hjá Sjónvarpinu.

Dráttarbrautin fullgerð í haust

★ Í Neskaupstað hefur í sumar verið unnið að gerð dráttarbrautar. Hefur að undanförunni verið unnið að undirbyggingu brautarinnar úti í sjónum og er því verið að ljúka, en í næsta mánuði verður gengið frá sömum hlutum brautarinnar. Mun dráttarbrautin ventanlega taka til starfa um mánaðamótin október. ★ Þessi rómantíska mynd er tekin í þoku við höfnina í Norðfirði fyrir skemmstu og sjást á henni til vinstri framkvæmdir við dráttarbrautina, mestríð er á fleka sem notarur er við undirbygginguna. Staurarnir sem mávarnar hafa fyllt sér á eru leifar af gamalli bryggju. (Ljósmynd Þjóð. vhl.)

ÞJÓÐVILINN

Fimmtudagur 24. ágúst 1967 — 32. árgangur — 188. tölublað.

Sýning á þvotta- og saumavélum að Hallveigarstöðum

Þeir sem hafa í hyggju að kaupa saumavél eða þvottavél fá um næstu helgi gótt tækifæri til að skoða og þera saman hinar ýmsu tegundir þessara véla, sem hér eru á markaðnum, á sýningu sem haldin verður í húsi kvemmasamtakanna, Hallveigarstöðum við Túngötu.

Sýning þessi er haldin á vegum Kaupmannasamtakanna og annast eitt aðildarfélag þeirra, Félag rafteknískra allan undirbúning, en 14 fyrirtæki taka þátt í sýningunni og sýna alls um 30 gerðir þvottavéla og 8 tegundir saumavéla. Fulltrúar hvers fyrirtækis verða á sýningunni og veita allar upplýsingar um tækin, notkun þeirra, hæfni verð og fleira. Mikall Franzson auglýsingateiknari hefur haft umsjón með uppsetningu sýningarinnar.

Konur víðsvegar að af land-

inu sitja þessa dagana landsfund Kvenfélagsambands Íslands, en eftir er til sýningarinnar í beinu sambandi við þann fund og verður hún opnuð annað kvöld. Á laugardag kl. 5 verður sýningin opnuð almenningi og opin sunnudag kl. 10 — 10, mánudag kl. 2 — 10 og lengur ef þörf gerist. Aðgangur er ókeypis.

Nigeríustjórn staðfestir vopna-kaup frá Sovét

LAGOS 23/8 — Sambandsstjórnin í Nigeríu hefur nú staðfest opinberlega að hún hafi keypt vopna í Sovétríkjunum. Segir hún að hér hafi verið um venjulega verðum að ræða og vopna greidd út í hönd. Um leið fróðir stjórnir sig skrifum um pólitíska þýðingu þessara vopnakaupa og vill bersýnilega forðast að borgarastyrjöldin í Nigeríu verði hluti af átökum austurs og vesturs.

Þrotar hafa líkað við að senda vopna til sambandsstjórnarinnar, hinsvegar eru bandarísk olíufélag grunuð um stöðing við uppreisnarmenn í A-Nigeríu, sem nú hafa stofnað ríkið Biafra og lagt þar að aukandi undir sig miðvesturhérað landsins.

Frá Benín, höfuðborg miðvesturhéraðanna berast þær fréttir að líklega fari menn þar að degni þeirra í Biafra og lýsi yfir stofnun nýs ríkis.

Í síðustu fréttum frá Nigeríu segir, að hermönnum frá Biafra hafi mistekist að ríðast á Lagos með því að fara yfir tæstíðar myrar. Hafi um 300 Biafra-hermenn falið í viðureigninni.

Boðið í kynnisferð til Sovét

Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri og Pétur Guðfinnsyni framkvæmdastjóri sjónvarpsins, hefur verið boðið til nokkurra daga kynnisferðar til Sovétríkjanna.

Héldu þeir utan í gær og munu dveljast í Sovétríkjunum í rúna viku og kynna sér útvarps- og sjónvarpsrekstur þar í landi. Það er sovézk stjórnarvöld sem fyrir boðinu standa.

Kostar hurðin 750 þúsund krónur?

Endurbætur fara nú fram á anddyri Alþingishússins. Hefur meðal annars verið skipt um hurð. Þar er nú kominn koparslegin eikarhurð og ganga sögur um að hún minni kosti uppsett 750 þúsund krónur.

Þjóðviljinn hafði samband við Friðjón Sigurðsson, skrifstofustjóra Alþingis í gær og kvæð hann kostnaðinn af þessum breytingum og endurbótum ekki ljúga fyrir ennþá. Ekki vildi hann staðfesta verðið á eikarhurðinni göðu.

Þá er líka á döfinni að setja upp sjálfvirkar simstíð fyrir Alþingishúsið, og komu tækin til landsins síðastliðið vor. Er nú verið að vinna við uppsetningu á þeim og verður hægt að ná sambandi við Alþingishúsið, Þórshamar og Kirkjubæjartúni 12 í gegnum sjálfvirkta kerfi næsta vetur.

Tíu sildarskip með 2780 lestir

Dagott veður var fyrri sól- arhring á sildarmíðunum, sem voru á svipuðum slóðum og undanfarna daga. Lítið gerðist fram eftir degi í fyrradag, en þegar líða tók á kvöldið fór að gleðast og fengu þá nokkur skip göða veði.

Mörg skip eru á leið til lands. Hálfmíninn lestaði í gær við Jan Mayen.

Samtals tilkynntu 10 skip um afsta, 2780 lestir. Kauparhöfn: Héðinn DH 320, Fíll GK 370, Kristján Valgeir NS 300, Magnús NK 260, Stefán II NK 210, Sveinn Sveinbjörnsson NK 270, Loftur Baldvinsson EA 200, Sólrun IS 200, Jón Kjartansson SU 370, Seley SU 280.

Landsleikurinn Ísland – Danmörk

Danir unnu Íslendinga 14:2

Leikurinn reiðarslag fyrir íslenska knattspyrnu

Danir unnu Íslendinga í landsleiknum í knattspyrnu í gærkvöld með 14 mörkum gegn tveimur!

Það liggur við að manni fallist algjörlega hendur við þessi úrslit. Að landsleikur skuli vinnast með 14 mörkum gegn 2, það er án efa heimsmet sem seint verður slegið. Hvað á að segja? Það er nákvæmlega ekkert sem afsakar svona nokkuð. Hvað segja forustumenn íslenskra knattspyrnumála? Hvað segir sú nafntogada Landsliðsnefnd? Eðli veizlufröngin hafi smakkast þeim vel eftir leikinn í gærkvöldi. Þá eðli veizlufröngin hafi smakkast þeim þessu skálda var fyrir sigri Dana? Eg veit það ekki, en það er aðeins eitt sem landsliðsnefnd getur gert, og reyndar knattspyrnuforstutan öll: SEGJA AF SER.

Samkvæmt frásögn útvarpsins komu mörkin sem hér segir:

Á 3. mínútu skorar John Olsen fyrsta mark Dana. Finn Laudrup skorar 2:0 á 7. mín. Kersten Bjerre skorar úr vítaspyrnu á 14. mínútu, 3:0. Ulfrik Le Fevre skorar 4:0 á 16. mínútu, stuttu síðar skorar Laudrup 5:0, og á síðustu mín. fyrri hálfleiks skorar John Olsen 6:0. Þannig stóð í hálfleik.

Helgi Númannson skoraði fyrsta mark Íslands á elleftu mínútu síðari hálfleiks, 6:1. Le Fevre skorar 7:1 á 13. mín. Laudrup skorar 8:1 á 15. mín. og 9:1 á 17. mín. Hermann Gunnarsson skoraði svo 9:2 á sömu mínútu. Á 20. mínútu skora Danir svo 10:2 og 11:2 kemur á 25. mín. Þremur mínútum seinna koma svo 12:2, á 38. mín skorar Bjerre 13:2 og síðasta markíð kom svo á 41. mínútu. 8 or.

Stjórn Íans Smiths herðir á apartheid

SALISBURY 23/8. Minnihlutastjórn hvítra manna í Ródesíu hefur tekið saman lagatrumvarp sem heimillar hvítum mönnum í landinu að þvinga þeldökka menn til að yfirgefa heimili sín á svæðum þar sem hvítir menn eru í meirihluta.

Kjarni þessarar lagasetningar er fölginn í því að hægt er að reka þeldökka fjölskyldur frá heimilum sínum ef að nægilegur fjöldi hvíttra nágranna þeirra óskar þess. Þær elga að fá bætur fyrir þau hús sem þau yfirgefa en fá ekki rétt til að mótmæla brottförningi á neinn hátt.

Stjórnin leggur fram þetta frumvarp vegna þess að húseinir hafa falið í verði þar sem Indverjar hafa flutt inn á svæði þar sem áður bjuggu aðeins hvítir menn. Blökkumönnum hefur þegar verið bannað að búa á svæðum þessum „hvítum svæðum“.

Um leið berast fréttir um aukin átök við blakka skærulíða í Ródesíu við landamæri Zambíu.

Aðskilnaðarhreyfing risin á Orkneyjum og Hjaltlandi?

KIRK WALL 23/8 — Spjöld með kröfum um að Orkneyjar og Hjaltland segi sig úr löngum við Stóra-Bretland og sameinist Danmörku hafa verið fest upp undanfarna daga í þæjnum Kirkwall og Stromness.

Á slíkum spjöldum stendur m.a.: Orkneyjar farast undir brezkri stjórn — sameinast Danmörku aftur strax. — Hjaltland og Orkneyjar voru hluti af dansk-norska ríkinu allt til ársins 1486, en þá gengu þær til skozku krúnunnar sem hluti af heimanáttum sem gefin var með norski konungsáðöttur. Örnefni eru flest norræn á eyjum þessum og enska sú sem töluð er þar, er að ýmsu leyti sérstök. Atvinnulíf hefur verið mjög eyndarlegt í eyjunum undanfarna áratugi og fólk hefur flúið þaðan.

Kaupa kjötið í smásölu

Skipverji á einum af togurum Bæjarstjórnar Reykjavíkur leit inn á ristjórn blaðsins á dögnum og mælti eitthvað á þessa leið:

— Það hefur verið mikið ritað og rætt um bága rekstursskemu BÚR — og það að vinnum. Við sem á skipunum vinnum verðum þess íðulega varir að fullrar hagsýni er ekki alltaf gætt í rekstrinum. Eitt lítið dæmi er það að kosturinn í skipin skuli að verulegu leyti keyptur í smá-

sölu með margfaldrí álagningu. Við Þjóðviljamennt bárum þetta undir Jón Ásgeirsson, innkaupastjóra hjá Bæjarstjórn Reykjavíkur, og taldi hann þetta ekki allskostar rétt.

— Við kaupum allt í heildsölu, sem við getum af kostinum, sagði hann.

— Kaupið þið kjöt í heildsölu?

— Nei, kjöt er ekki keypt í heildsölu. Við skiptum við

Kjötbúðina Borg og Slátturfélag Suðurlands og fáum ekki slík kjör.

— Er hvergi hægt að kaupa kjöt í heildsölu?

— Ekki svo mér sé kunnugt um. Einn sinni stóð til að kaupa allt kjöt í einu lagi að haustinu til og geyma það íðan í frystihúsi. Þetta komst nú aldrei í framkvæmd. Það stóð í okkur að snara kaupverðinu út á einu bretti. Síðan höfum við keypt kjöt í smásölu, sagði Jón að lokum.